

Nd.

92. Breytingartillögur

[65. mál]

við frv. til laga um verðlagsuppbót á laun og um vísitölu framfærslukostnaðar.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (LJós, JK, VH).

1. Við 1. gr.
 - A. Síðasti málsliður 1. gr. falli niður.
 - B. Við greinina bætist ný málsgrein:

Frá 1. des. 1967 skulu lögboðnar bætur lifeyristrygginga samkv. lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og síðari breytingum á þeim lögum hækka um 7% umfram bætur samkvæmt 1. málsgrein. Hækkun fjölskyldubóta skal þó bundin við bætur vegna barna umfram eitt í hverri fjölskyldu.
2. Á eftir 2. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
 - A. (3. gr.) Greiða skal verðlagsuppbót á laun og aðrar greiðslur fyrir unnin störf samkvæmt nánari fyrirmælum þessara laga. Sama gildir um bætur greiddar í peningum samkvæmt lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum bótaupphæða, svo og um bætur samkvæmt lögum nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar. Enn fremur skal greiða verðlagsuppbót á greiðslur til einstaklinga á 18. gr. fjárlaga og á lifeyri úr lifeyrissjóðum, sem ríkissjóður sjálfur eða ríkisfyrirtæki greiða iðgjöld til. Skal hlutaðeigandi lifeyrissjóður greiða verðlagsuppbótina gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lifeyrisþegi tók laun sín hjá. Verðlagsuppbót greiðist ekki á lifeyrisgreiðslur, er sjálfkrafa fylgja breytingum launa, sem verðtryggð eru samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Fyrirmæli þessara laga taka til kauptrygginga bátasjómannanna og til vinnulauna, sem greidd eru samkvæmt uppmælingar- og öðrum ákvæðisvinnutöxtum, enda séu þeir ákveðnir í kjarasamningum stéttarfélags, sem í hlut á, eða miðaðir við kjarasamninga sömu starfsgreina annars staðar.

Fyrirmæli þessara laga taka ekki til launa, sem greidd eru í öðru en peningum, og ekki heldur til fjárhæða, sem launþegar fá greiddar vegna útgjalda, sem fylgja starfi þeirra. Sama gildir um laun, sem ákveðin eru sem hundraðshluti af afurðaverði, veltu eða öðru verðmæti.
 - B. (4. gr.) Kauplagnesnefnd skal reikna kaupgreiðsluvísitölu eftir vísitölu framfærslukostnaðar samkvæmt 2. gr., þó á þann hátt, að miðað sé við útgjöld launþega til kaupa á vörum og þjónustu, sbr. 1. gr.

Kaupgreiðsluvísitala sú, er um ræðir í fyrri málsgr. þessarar gr., reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar 1. nóvember, 1. febrúar, 1. maí og 1. ágúst og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun næstu þrjá mánuði, frá byrjun næsta mánaðar eftir að hún var reiknuð, í fyrsta sinn frá 1. marz 1968.
 - C. (5. gr.) Vinnuliðir verðlagsgrundvallar landbúnaðarvара skulu hækka eða lækka samkvæmt breytingum vísitölu eftir sömu reglum og um ræðir í 2. og 4. gr., og afurðaverð til bænda breytast um leið til samræmis. Þó skal slík breyting á vinnuliðum verðlagsgrundvallar ekki eiga sér stað, nema samkvæmt ósk fulltrúa framleiðenda eða fulltrúa neytenda í sexmannanefnd.